

REYKJAVÍKURBORG
MAÍ 2021

Akstursþjónusta fatlaðra og aldraðra

Greining með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags-
og starfsáætlunar



Velferðarsvið

Efnisyfirlit

Samantekt	1
Inngangur	2
Lýsing á verkefninu og greiningunni.....	2
Kostnaður	2
Gögn	2
Kortlagning	3
Niðurstaða	4
Aðgerðir.....	6
Eftirlit og mat á árangri	6

Samantekt

Akstursþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra var greind af skipuðum vinnuhóp hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Við greininguna voru notaðar lykiltölur og önnur tölfræðileg gögn, ásamt faglegu mati sérfræðinga sem starfa í málaflokknum. Niðurstaða greiningarinnar er sú að framkvæmd þjónustunnar í dag stuðlar að mörgu leyti að jafnrétti kynja og annarra jaðarhópa og er í samræmi við markmið þjónustunnar. Hins vegar er hægt að bæta og auka þjónustu enn frekar við þessa hópa. Sem dæmi mætti greina hvort tekjulægsti hópurinn hafi kost á að nýta sér þjónustuna og hvort hægt sé að lækka kostnað þeirra til að koma í veg fyrir enn frekari einangrun þessa hóps. Einnig þarf að endurskoða ferla og reglur til að minnka hindranir í þjónustu vegna ólíks skilnings Sjúkratrygginga Íslands og Reykjavíkurborgar á reglum. Notendur þjónustunnar teljast allir til jaðarsettra hópa og kynjahlutfall notenda er nokkuð jafnt. Áhrif þjónustunnar hefur þó heilt yfir meiri áhrif á stöðu kvenna, sem aðstandendur aldraðra og fatlaðra.

Inngangur

Markmiðið með greiningunni er að skoða hvort núverandi framkvæmd þjónustu og/eða dreifing fjárheimilda stuðli að jafnrétti. Ef staðan í dag leiðir ekki til jafnréttis þá þarf að leggja fram aðgerðir til að leiðrétta það.

Hverjar eru áherslur sviðsins í jafnréttismálum?

Velferðarsvið fagnar fjölbreytileika og vill að allir geti tekið virkan þátt í samfélaginu á eigin forsendum. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðaða þjónustu og efla frumkvæði og sjálfstæði borgarbúa og starfsfólks. Velferðarsvið vinnur markvisst gegn fátækt og styrkir fjölskyldur og einstaklinga.

Lýsing á verkefninu og greiningunni

Þjónustupáttur: Akstursþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra

Nafn fagsviðs/skrifstofu: Velferðarsvið

Nafn ábyrgðaraðila: Regína Ásvaldsdóttir

Greiningaraðilar/teymi: Kristín Pétursdóttir, Þóroddur Þórarinsson, Árdís Freyja Antonsdóttir

Hvenær/greiningartími: Apríl-Júní 2021

Kostnaður

Kostnaður þjónustupáttar skv. nýjustu fjárhagsáætlun: 1.059.942.816 kr.

Tekjur skv. nýjustu fjárhagsáætlun: Velferðarsvið úthýsir þjónustunni til þriðja aðila og því eru engar tekjur, einungis kostnaður. Pant akstursþjónusta sendir reikning fyrir kostnaði íbúa Reykjavíkurborgar.

Hversu stór hluti er verkefnið af fjárhagsáætlun fagsviðs? Þjónustupátturinn er 3% af fjárhagsáætlun velferðarsviðs.

Gögn

Hvaða gögnum er safnað/eru til? Lykiltölur úr fjárhagsáætlun velferðarsviðs, tölfræðileg gögn úr þjónustukönnun Pant akstursþjónustu og af tölfræðivef velferðarsviðs.

Var farið í sérstaka gagnaöflun fyrir þessa greiningu? Gögn sem lágu ekki fyrir var safnað hjá hagsmunaðilum og samstarfsaðilum.

Kortlagning

Akstursþjónusta eldri borgara: Markmiðið með akstursþjónustunni er að gera eldri borgurum í Reykjavík kleift að búa lengur í eigin húsnæði. Þjónustuþegar eru íbúar Reykjavíkurborgar 67 ára eða eldri og búa í eigin húsnæði, hafa ekki aðgang að eigin farartæki og geta ekki nýtt sér almenningssamgöngur vegna langvarandi hreyfihömlunar. Akstursþjónusta er ekki veitt þegar um tímabundna hreyfihömlun er að ræða, s.s. vegna beinbrota og hnjáliðaskiptaaðgerða. Í þeim tilvikum þar sem einstaklingar fá eingöngu lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, eru félagslega einangraðir og hafa lítið fjölskyldunet, er heimilt að veita akstursþjónustu þó um skemmri en þriggja mánaða hreyfihömlun sé að ræða.

Akstursþjónusta fatlaðs fólks: Markmið þjónustunnar er að fólk geti farið ferða sinna á þeim tíma sem það kys en það er í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk sem leggur áherslu á hugmyndafræðina um sjálfstætt líf. Pant.is sér um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk. Akstursþjónusta fatlaðs fólks er ætluð til afnota fyrir þá íbúa Reykjavíkur sem uppfylla það skilyrði að fötlun þeirra falli að skilgreiningu 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, og að þeir eigi ekki rétt á niðurgreiddri akstursþjónustu frá öðrum aðilum eða rétt á akstri samkvæmt öðrum lögum, reglugerðum eða reglum.

Kostnaður

Gjald fyrir hverja ferð hjá akstursþjónustu aldraðra er kr. 1.270.- óháð fjölda ferða.

Fargjald fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks miðast við hálft almennt gjald hjá Strætó bs. samkvæmt gjaldskrá hverju sinni. Fargjald fyrir tilfallandi ferðir sem eru pantaðar samdægurs miðast við fullt gjald hjá Strætó bs. samkvæmt gjaldskrá hverju sinni. Fargjald fyrir aðra farþega er það sama og fyrir notanda, hvort sem er um að ræða fasta ferð eða tilfallandi ferð.

Tekjur kvenna eru almennt lægri en karla yfir ævina, konur eiga því síður tekjutengdan lífeyri og reiða sig í meira mæli á almannatryggingakerfið. Of hár kostnaður þjónustunnar getur því komið í veg fyrir að konur og allir tekjulágir einstaklingar nýti sér þjónustuna, sem stuðlar að enn frekari einangrun þeirra sem hafa lægstar tekjur.

Þjónusta	Fjöldi notenda	Upphæð
Akstursþjónusta eldri borgara	592	19.337
Akstursþjónusta fatlaðs fólks	898	173.480

Tafla 1: Helstu lykiltölur velferðarsviðs 2020

Notendur

Samkvæmt könnun pant.is meðal notenda akstursþjónustu fatlaðs fólks eru kynjahlutföllin nokkuð jöfn, eða 55% karlar og 45% konur. Við 65 ára aldur, geta konur vænst þess að eiga 13,7 ár við góða heilsu og 7,6 ár við verri heilsu. Karlar geta vænst þess að eiga 14,7 góð ár og 4 ár með heilsubrest við

65 ára aldur. Einnig er stoðkerfisvandi algengari meðal kvenna. Fleiri konur en karlar fara í liðskiptaaðgerð á hné eða mjöðm og beinbrot meðal eldri borgara eru líka algengari hjá konum.

Notendur þjónustunnar teljast allir til jaðarsettra hópa, fatlaðir og aldraðir. Fólki af erlendum uppruna eru líka notendur þjónustunnar, aðra jaðarhópa er ekki hægt að greina í gögnum. Rannsóknir hafa sýnt að fatlaðar konur verða oft fyrir margþættri mismunun og eru líklegri en aðrir samfélagshópar til að verða fyrir ofbeldi. Fatlað fólk er útsettara fyrir ofbeldi tengt þjónustu og geta gerendur verið hvers kyns þjónustu- og umönnunaraðili. Fatlað fólk reiðir sig á aðstoð einstaklinga og þjónustukerfa sem gera það berskjaldaðra fyrir ofbeldi.

Þjónustan hefur áhrif á bæði notendur og aðstandenda þeirra. Eldri borgarar nýta sér akstursþjónustuna til að draga úr félagslegri einangrun og komast í þá þjónustu sem þeir þurfa, félagsstarf, heimsóknir, klippingu svo eitthvað sé nefnt. Ættingjar aldraðra og fatlaða eyða oft miklum tíma í að aka þeim á milli staða. Rannsóknir sýna að það eru oftast konur, þ.e. dætur, mæður, systur. Það skiptir því meira máli fyrir konur að þessi þjónusta sé til staðar. Konur á vinnumarkaði minnka fjarveru frá vinnu til að keyra fötluð börn sín í sjúkráþjálfun, skóla og önnur úrræði eða aldraða foreldra. Þetta hefur væntanlega áhrif á þeirra atvinnumöguleika, öryggi og tekjur.

Þjónustan hefur einnig mikil áhrif á einstaklinga af erlendum uppruna þar sem þau veigra sér oft frekar við að biðja um frí úr vinnu til þess að geta keyrt fatlað barn á milli staða eða eitthvað slíkt. Að því leyti er þjónustan mjög mikilvæg fyrir fólk af erlendum uppruna. Einnig má ætla að eldri borgarar og foreldrar fatlaðra barna af erlendum uppruna séu ólíklegri til að eiga ættingja eða stuðningsnet hér á landi til að keyra sig á milli staða.

Hópurinn telur hindranir í þjónustunni margar hverjar verða vegna ólíks skilnings Sjúkratrygginga Íslands og Reykjavíkurborgar á reglum, sem orsakar að einstaklingar falla á milli og kerfin tala ekki saman. Oft er þó hægt að áfrýja í þeim tilfellum en slíkt er aukið álag fyrir notendur og aðstandendur. Dæmi um slíkt er börn sem eru á margra mánaða biðlista eftir greiningu og eiga ekki rétt á þjónustu á meðan, fatlaðir á hjúkrunarheimilum sem eiga einungis rétt á akstursþjónustu til að komast í lækniþjónustu en ekki félagsstarf og allt annað. Hópurinn telur að þessu þurfi að breyta.

Niðurstaða

Niðurstaða greiningarinnar er sú að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda stuðli að jafnrétti að því leyti að hún jafnar stöðu kynjanna á vinnumarkaði og jafnframt stöðu erlendra einstaklinga. Þó er þörf á bættu aðgengi upplýsinga fyrir erlenda notendur, takmarkað aðgengi er að upplýsingum á öðru tungumáli en íslensku.

Upphæð	Fjöldi þjónustu-þega	Karlar (%)	Konur (%)	Kyngreind gögn?	Gögn um jaðarsetta hópa?	Áhrif á ólaunað a vinnu?	Niðurstaða
1.059.942.816 kr. árið 2021 samkvæmt fjárhagsáætlun	1490 árið 2020.	54,1%	45,9%	Já: þjónustukönnun hjá Pant.is þjónustuveitanda.	Já: aldur og búseta kemur fram í þjónustukönnun, annað ekki.	Konur á vinnumarkaði minnka fjarveru frá vinnu.	Stuðlar að auknu jafnrétti kynjanna en hægt að bæta.

Hins vegar virðist sem íbúar hjúkrunarheimila hafi ekki sama rétt á akstursþjónustu og aðrir borgarbúar. Þeir einstaklingar fá synjun á almennri umsókn um akstursþjónustu en ef það áfrýjar kemur yfirleitt heimild á akstrinum. Þetta er letjandi kerfi fyrir þessa einstaklinga og ætla má að margir veigri sér við að sækja um þjónustu sem þau eiga ekki rétt á skv. reglum en þurfa sannanlega á að halda. Þessu teljum við að þurfi að breyta með endurskoðun núverandi reglna.

Aðgerðir

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Einfalda aðgengi fólks á hjúkrunarheimilum að akstursþjónustu.	Skýrari reglur annars vegar varðandi aldraða og hins vegar varðandi fatlaða.	Velferðarsvið	Ljúka fyrir árslok 2023.
Rýmri reglur fyrir aldraða sem að tímabundið geta ekki keyrt en þurfa að komast í endurhæfingu til dæmis eftir slys.	Endurskoða núverandi reglur um þjónustu vegna tímabundinnar fötlunar.	Velferðarsvið	Ljúka fyrir árslok 2023.
Auka aðgengi upplýsinga fyrir erlenda notendur.	Birta ítarlegar upplýsingar um þjónustuna á fleiri tungumálum en íslensku.	Velferðarsvið	Ljúka fyrir árslok 2022.

Eftirlit og mat á árangri

Aðgerð	Mælikvarðar	Staða framkvæmdar	Ábyrgð	Eftirfylgni
Breytingar á reglum	Innleiðing nýrra reglna		Velferðarsvið	